

Geðhjálp mótmælir gagnagrunni um heilsufar

GEÐHJÁLP varar við því að heilsufarsupplýsingum um landsmenn verði safnað saman á einn stað án leyfis þeirra sem upplýsingarnar eiga, þ.e. sjúklinganna. Þetta kemur fram í frétt frá Geðhjálp sem fer hér á eftir:

Geðhjálp mótmælir gagnagrunni um heilsufar

GEÐHJÁLP varar við því að heilsufarsupplýsingum um landsmenn verði safnað saman á einn stað án leyfis þeirra sem upplýsingarnar eiga, þ.e. sjúklinganna. Þetta kemur fram í frétt frá Geðhjálp sem fer hér á eftir:

"Geðhjálp hefur unnið að því að auka umræðu um geðsjúkdóma og auðvelda þannig fyrir einstaklingum sem eiga við geðsjúkdóma að stríða að leita sér aðstoðar og ræða opinskátt um sinn vanda. Hins vegar skýtur það skökku við þegar ríkisvaldið tekur ákvörðun um að flytja þessar upplýsingar frá þeim stað sem þær urðu til yfir til annars aðila.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að þegar sjúklingur gefur upplýsingar um sitt heilsufar t.d. þegar hann sækir um örorkulífeyrir til Tryggingastofnunar ríkisins gerir hann ekki ráð fyrir að þær upplýsingar verði notaðar seinna í allt öðrum tilgangi af öðrum starfsmönnum annarra stofnana. Það vær einnig skerðing á réttindum sjúklinga og vanvirðing við sjálfsákvörðunarrétt þeirra og mannréttindi.

Trúnaður er sérstaklega mikilvægur þegar um er að ræða geðræna kvilla og mótmælir Geðhjálp því framkomnu lagafrumvarpi um söfnun allra heilsufarsupplýsinga í einn stóran gagnagrunn án samþykkis þeirra sem hluta eiga að máli."